



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 20.3.2013 kl. 19:30

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Sigurður Bjarnason (SB), og Viðar Erlingsson (VE). Sara Rut Unnarsdóttir (SRU), Victor Ingi Olsen (VIO) og Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS) boðuðu forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1) Fundargerð síðasta fundar – samþykkt

2) Rekstrarniðurstaða ársins 2012

Framkvæmdastjóri kynnti lykiltölur í uppgjöri ársins 2012. Hagnaður er á rekstri félagsins á árinu.

Aðalstjórn fagnar rekstrarniðurstöðu ársins en er meðvituð um nauðsyn þess að reka félagið áfram með hagnaði í þeim tilgangi að rétta af sjóðsstreymi til lengri tíma.

3) Afrekssjóður UMF Stjörnunnar

Aðalstjórn samþykkir með smávægilegum breytingum frá fyrri framlögn skipulagsskrá fyrir Afrekssjóð UMF Stjörnunnar. Skipulagsskráin verður lögð fyrir aðalfund félagsins til staðfestingar.

Reglugerð um sjóðinn er í vinnslu – aðalstjórn er sammála um meginlínur og mun taka málið áfram þegar skipulagsskráin hefur verið samþykkt á aðalfundi félagsins.

4) Aðalfundur UMF Stjörnunnar 2013

Fundurinn verður haldinn í Stjörnuheimilinu fimmtudaginn 18.04.2013 kl. 18:00.

Framkvæmdastjóra falið að boða og auglýsa fundinn og kalla eftir skýrslum deilda og tilnefningum til viðurkenninga.

5) Önnur mál

Voru engin.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:00 Ritað PGr